

Tillaga til 490. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. febrúar 2022

Tillaga frá 576. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 2. febrúar 2022, um að bæjarstjórn heimili stofnun lóðar í landi Holts í Önundarfirði undir fjarskiptaaðstöðu Neyðarlínunnar ohf.

12. Holtsbugur -fjarskipti. Stofnun lóðar út úr landi Holts í Önundarfirði - 2022010121

Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur á fasteignasviði Þjóðkirkjunnar, Biskupsstofu, óskar eftir stofnun lóðar úr landi jarðarinnar Holts í Önundarfirði.

Fyrirhugað er að lóðin verði leigð á lóðarleigu til Neyðarlínunnar ohf. sem hyggst sækja um að reisa þar fjarskiptaaðstöðu (mastur, tækjahús og vararafstöð). Fyrir liggja drög að lóðarleigusamningi til 40 ára milli aðila.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar í landi Holts í Önundarfirði undir fjarskiptaaðstöðu Neyðarlínunnar ohf.